

Íþróttafólk Hattar heiðrað og starfmerki afhend

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Þriðjudagur, 10 Janúar 2017 16:34

Er þetta í 29. sinn sem tilnefning á íþróttamanni Hattar fer fram á þrettándagleði félagsins og Fljótsdalshéraðs.

Starfsmerki Hattar voru veitt í fimmta sinn en þau hljóta einstaklingar sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins til lengri tíma.

Hilmar Gunnlaugsson hlýtur starfsmerki Hattar fyrir vinnu sína í þágu félagsins en hann hefur starfað innan knattspyrnudeildar í mörg ár og var einnig leikmaður félagsins. Hilmar var fyrsti leikmaður Hattar sem spilaði fleiri en 100 leiki fyrir félagið en samtals á hann 154 deildarleiki og skoraði í þeim 43 mörk. Hilmar hefur þá einnig gengt mörgum trúnaðarstörfum fyrir deildina meðal annars formaður, framkvæmdastjóri og haldið utan um fjölmörg önnur verkefni. Hilmar var greinarstjóri knattspyrnu á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum 2011 og situr í íþróttadómstól ÍSÍ.

Ágústa Björnsdóttir hlýtur starfsmerki Hattar fyrir vinnu og stjórnarsetu en hún hefur hún setið í yngri flokkaráði knattspyrnudeildar og verið virkur þáttakenda í foreldrarstarfi ýmissa deilda. Ágústa hefur komið að skipulagi marga viðburða og keppnisferða innan Hattar í gegnum tíðina. Einnig sat hún í stjórn íþróttaskólans sem stofnaður var á sínum tíma sem hélt utan um starf barna frá 6 til 10 ára aldri. Ágústa hefur einnig tekið virkan þátt í landsmótum sem haldin hafa verið á Egilsstöðum en hún var fulltrúi sveitarfélagsins á landsmótinu 2001 og á Unglingalandsmótinu 2011 stýrði hún verðlaunaafhendingum. Ágústa hlaut starfsmerki UÍA árið 2012.

Íþróttamaður Hattar árið 2016 er frjálsíþróttakonan, Helga Jóna Svansdóttir.

Helga Jóna er góður íþróttamaður og flott fyrirmynd fyrir aðra iðkendur. Hún mætir vel á æfinga, kemur vel fram, einbeitt og jákvæð. Hún hefur einnig verið að þjálfra yngri iðkendur.

Helga Jóna varð Íslandsmeistari í þrístökki bæði inni og úti í sínum aldursflokki. Hún varð í 2. Sæti í öllum þremur greinum sem hún keppti í á Unglingalandsmótinu í ár og varð í verðlaunasæti í öllum fjórum greinunum sem hún keppti í á Meistaramóti Íslands 15-22 ára í sumar.

Íþróttafólk Hattar heiðrað og starfmerki afhend

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Þriðjudagur, 10 Janúar 2017 16:34

Í öðrum greinum voru eftirtaldir einstaklingar fyrir valinu þetta árið.

Blakmaður : Anna Katrín Svavarsdóttir

Fimleikamaður: Salka Sif Hjarðar

Frjálsíþróttamaður : Helga Jóna Svansdóttir

Knattspyrnumaður : Brynjar Árnason

Körfuboltamaður : Hreinn Gunnar Birgisson

Íþróttafélagið Höttur vill þakka eftirtöldum styrktaraðilum fyrir stuðninginn vegna framkvæmdar þrettándagleði 2017, Brúnas – Innréttingar, Landsbankinn og Hitaveita Egilsstaða og Fella.